

skyldi ekki skemma þig. Sonur minn skal ekki erfa meira eftir mig, en hann þarf til lífsviðurværis, ef hann skyldi missa heilsuna. Vilji hann safna auð, þá verður hann að vinna fyrir honum. Manneskjan ætti aldrei að eiga meira heldur en það, sem hún getur unnið sér inn með iðnaði og framsýni, þegar hann hefir fengið gott uppeldi hjá foreldrunum, því að veita honum það, er skylda þeirra, en ekki meira. Þetta sagði faðir þinn".

"Já", sagði pilturinn, "ég skil meiningu föður míns, hún er mér til góðs. En þar eð hann gat ekki fullkomnað uppeldi mitt, sem hann áleit skyldu sína, hvers vegna sá hann þá ekki um það, að þú gætir það, mamma, að honum látnum?"

"Það hefir eflaust verið ætlun hans, barnið mitt, en hann dó mjög snögglega af óhappa tilfelli, og gat því ekki búið um framtíð okkar, og þess vegna erum við fátæk".

"Og nú eigum við ekkert, nema það, sem þú getur unnið þér inn. Við megum svelta og sæta kulda á meðan bróðir minn lifir við allsnægtir. Það er þó hart —".

"Vertu hughraustur, Móríts, það bjargast einhvernveginn, þó stundum líti illa út. Guð yfirgefur okkur ekki, þegar við biðjum hann um hjálp og treystum honum. Og þó við séum nú fátæk, skulum við vona að þú verðir einhverntíma góður og gæfuríkur og af eigin starfi óháður maður, eins og faðir þinn óskaði".

"Ég fæ ekki að vita mitt rétta nafn fyrir en ég er tvítugur, mamma?"

Húsrú Sterner stóð upp, gekk að skrifborðinu, lauk upp einni skúffunni og tók upp úr henni lokaðan böggul.

"Móríts", sagði hún, þegar hún var sezt aftur í nánd við eldinn, — "þessi böggull, sem þú hefir